



## Skútustaðahreppur

### Skólanefnd

3 fundur

5. mars 2015

Kl. 15:30-17:00

Mætt: Arnar Halldórsson, Arnfríður Anna Jónsdóttir, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir formaður, Þuríður Helgadóttir. Anna Gréta Eyþórsdóttir sat fundinn sem fulltrúi foreldra. Hólmfríður Jónsdóttir sat sem fulltrúi kennara undir liðum 1-4. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla sat fundinn undir liðum 1-7. Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri Yls sat fundinn undir liðum 7-10.

**1. Varaformaður skólanefndar.** Þuríður Helgadóttir kjörin varaformaður.

**2. Vinabæjarsamskipti - mögulegt skólasamstarf.** Hólmfríður Jónsdóttir, Ingibjörg Helga Jónsdóttir og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir voru skipaðar í nefnd til að skoða þau mál.

**3. Samningur um skólaþjónustu.** Skólastjóri sat ásamt sveitarstjóra fund sem fræðslufulltrúi Norðurþings boðaði um málið. Sveitarstjórar í Langanesbyggð, Norðurþings og Þingeyjarsveit sátu auk þess fundinn. Í skoðun er sameiginlegt „byggðasamlag“ um skólaþjónustu, nokkurskonar sameiginleg fræðsluskrifstofa sem sæi um sameiginleg verkefni tengd skólaþróun, t.d. gerð aðalnámskrár, innleiðingu Heilsueflandi skóla o.fl. Fundurinn telur að slíkt væri mjög til bóta, með því formi að ekki myndi skerða frelsi skóla til að marka sína sérstöðu.

**4. Heilsueflandi skóli – hreyfing og öryggi.** Erindi frá Soffíu K. Björnsdóttur. Reykjahlíðarsóli er síðan í janúar 2014 þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi grunnskóli“. Núna er þemað „hreyfing og öryggi“. Fyrir hönd stýrihóps „Heilsueflandi grunnskóla“, nemenda og starfsfólks Reykjahlíðarskóla var sveitarstjórn sent bréf með þáttum sem styðja við markmiða Heilsueflandi grunnskóla um hreyfingu og öryggi. Sveitarstjórn fól skólanefnd að yfirfara málið. Skólanefnd fagnar erindinu og tekur heilshugar undir brýna þörf á verkefninu. Námskeið og stuðningur starfsfólks til hreyfingar ættu að vera auðleyst mál og felur skólanefnd stýrihópi að gera tillögur að lausnum og kostnaðarmat. Mikil umræða spannst um öryggismál og gönguleið nemenda í skólann, sem þarfnast brýnna úrbóta. Skólanefnd óskar þess að snjómokstur á gönguleiðum verði tekinn til skoðunar í samhengi við reglur sveitarfélagsins sem nú eru í smíðum um snjómokstur. Stýrihópi um heilsueflandi grunnskóla verði falið að útfæra nánar og forgangsraða þeim verkefnum sem snúa að auknu öryggi og gönguleið í skólann. Teikningar af skólalóðinni eru til og myndi framkvæmd þeirra tillagna leysa málin næst skólanum. Útikennsla var einnig mikið til umræðu og möguleikar til samvinnu við leikskóla. Ekki er víst að slíkt þyrfti að vera mjög kostnaðarsamt, ef hægt væri skapa skemmtilega stemningu á meðal íbúa um verkefnið. Skólanefnd felur Þuríði Helgadóttur í samvinnu við Soffíu K. Björnsdóttur að kanna hvaða leiðir eru færar í því máli.

**5. Útleiga á aðstöðu í Reykjahlíðarskóla.** Húsnæði skólans hefur verið leigt út til mannamóta með því skilyrði skólastjóra að ekki fari fram neysla áfengis. Ástæður skilyrðanna er aukin hætta á verri umgengni um húsnæðið. Þar sem lítið er í boði af sambærilegu húsnæði á sumrin, hefur þetta skilyrði af einhverjum verið gagnrýnt.

Skólanefnd tekur undir það sjónarmið að áfengisneysla eigi ekki heima í skólahúsnæði. Skólanefnd leggur til að skólastjóri móti í samráði við sveitarstjórn formlegar reglur um útleigu á skólahúsnæði og verðskrá.

**6. Starfið í Reykjahlíðarskóla undanfarið.** Nemendur Reykjahlíðarskóla voru í 3ja sæti í Lífhlaupinu, sem er stórsigur með tilliti til tíðarfars þá daga sem verkefnið stóð yfir. Stærðfræðidagur er nýliðinn og tókst mjög vel. Grænfánadagurinn var í dag og mörg skemmtileg verkefni gerð honum tengd, sem vekja til umhugsunar. Upplstrarkeppni 7.bekkjara er í næstu viku. Starfsmenn voru á námskeiði um jákvæðan aga í vikunni. Finnskur hópur kemur í heimsókn í haust og möguleiki á að endurgjalda heimsóknina vorið 2016. Áheitasöfnun fyrir utanlandsferð er á dagskrá næsta vor.

**7. Þekkingarsetur.** Vinnuhópur hefur verið stofnaður á vegum sveitarstjórnar um málið og myndi gerbreyta aðstöðu til fjarnáms, sem ekki hefur verið góð undanfarið.

**8. Frí leikskólabarna.** Nefnd er að leggja lokahönd á úrvinnslu skýrslu um málið þar sem saman eru tekin þau atriði sem fyrir voru lögð skv. síðustu fundargerð skólanefndar og fjórum tillögum að tilhögun frítöku leikskólabarna. Skýrslan fer fyrir sveitarstjórnarfund næsta miðvikudag þar sem tekin verður ákvörðun um fyrirkomulag næstu ára. Nokkrar umræður urðu um málið. Metið svo að valið standi á milli þess annarsvegar að loka leikskóla í fjórar vikur eða hafa valfrjálst frí allt árið. Þuríður Helgadóttir styður hugmynd fulltrúa foreldra um tillögu að tilraunaverkefni um frjálsa frítöku til fjögurra ára.

**9. Leikskólagjöld.** Leikskólagjöld hafa verið til skoðunar hjá sveitarstjórn eftir ábendingar um að þau þyki há miðað við önnur sveitarfélög. Gjaldskrá leikskóla var líkt og aðrar gjaldskrár sveitarfélagsins hækkuð um 3,5% um síðustu áramót, sem jafngildir verðlagsþróun. Mörg sveitarfélög hækkuðu gjaldskrá matarkostnaðar í takt við hækkun virðisaukaskatts á matvæli um áramót, en slíkt var ekki gert hér. Í dag nema leikskólagjöld með fæðiskostnaði 39.844. Sé upphæðinni jafnað á öll ár (í dag er síðasta fyrir grunnskólagöngu gjaldfrjálst), eru leikskólagjöld í Skútustaðahreppi lægri en víða annarsstaðar. Systkinaafslættir eru aftur á móti lágir miðað við mörg sveitarfélög. 11.mars verður haldinn fundur með foreldrum leikskólabarna um þessi mál. Þess má geta að árið 2014 stóðu leikskólagjöld undir 12% af rekstrarkostnaði leikskóla. Hugmyndir ræddar um gjaldfrjálstan leikskóla. Skólanefnd ræddi hagræði af tilfærslu leikskólans upp í Reykjahlíðarskóla og möguleika til þess.

**10. Menntun leiðbeinenda í leikskólum.** Út frá umræðu síðasta fundar um hvatningu Sambands íslenskra sveitarfélaga var menntun starfsfólks á leikskóla til umræðu á starfsmannafundi. Vilji er til staðar og verið að skoða með útfærslur á námskeiðum.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Jóhanna K. Þórhallsdóttir  
Anna Halldóttir  
Einar Jón  
Amfríður A. Jónsdóttir  
Þuríður Helgadóttir  
Anna Þórhallsdóttir  
Þóra Ólafsdóttir  
Solveig Jónsdóttir